

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 91/2023**

2023/EES/81/16

**frá 28. apríl 2023**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/456 frá 21. mars 2022 um samþykki fyrir grunnefninu kítósani, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/489 frá 25. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virku efnin flúbendíamíð, L-askorbínsýru, spínétóram og spírótetramat <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/496 frá 28. mars 2022 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Spodoptera exigua* multicapsid-kjarnmargflötungaveiru (SeMNPV), einangur BV-0004, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/782 frá 18. maí 2022 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ísópyrasami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1037/2012 <sup>(4)</sup>.
- 5) Framkvæmdarreglugerð 2022/782 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012 <sup>(5)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) er breytt sem hér segir:
  - i) Texti fertugasta undirliðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012) fellur brott.
  - ii) Eftirfarandi undirliðum er bætt við í lið 13a:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 93, 22.3.2022, bls. 138.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 100, 28.3.2022, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 101, 29.3.2022, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 140, 19.5.2022, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 308, 8.11.2012, bls. 15.

- „– **32022 R 0456**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/456 frá 21. mars 2022 (Stjtið. ESB L 93, 22.3. 2022, bls. 138),
- **32022 R 0489**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/489 frá 25. mars 2022 (Stjtið. ESB L 100, 28.3. 2022, bls. 7),
- **32022 R 0496**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/496 frá 28. mars 2022 (Stjtið. ESB L 101, 29.3. 2022, bls. 1),
- **32022 R 0782**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/782 frá 18. maí 2022 (Stjtið. ESB L 140, 19.5. 2022, bls. 3).“
2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 13zs (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012):
- „**32022 R 0782**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/782 frá 18. maí 2022 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ísópyrasami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1037/2012 (Stjtið. ESB L 140, 19.5.2022, bls. 3).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzv (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/501):
- „13zzzzzzzzzzzw. **32022 R 0456**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/456 frá 21. mars 2022 um samþykki fyrir grunnefninu kítósani, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 93, 22.3.2022, bls. 138).
- 13zzzzzzzzzzzx. **32022 R 0496**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/496 frá 28. mars 2022 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Spodoptera exigua* multicapsid-kjarnmargflötungaveiru (SeMNPV), einangur BV-0004, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 101, 29.3.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/456, (ESB) 2022/489, (ESB) 2022/496 og (ESB) 2022/782, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.